



Verkalýðsfélag Vestfirðinga

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar
b/t formanns bæjarráðs
Hafnarstræti 1
400 Ísafjörður

Ísafirði, 26. október 2021
2110058 FS

Efni: Endurnýjun samkomulags Ísafjarðarbæjar og Verkalýðsfélags Vestfirðinga um áframhaldandi stuðning við rekstur kvikmyndahúss í Ísafjarðarbæ.

Ekki er sjálfgefið að stéttarfélag standi í rekstri kvikmyndahúss en með sameiginlegu átaki Ísafjarðarbæjar og Verkalýðsfélags Vestfirðinga var í maí 2012 gert samkomulag milli aðila til að tryggja að áfram væri möguleiki til að halda úti rekstri á kvikmyndahúsi í bæjarfélaginu.


Þann 1. janúar 2023 mun samkomulagið milli Ísafjarðarbæjar og Verkalýðsfélags Vestfirðinga um stuðning til félagsins vegna reksturs Alþýðuhúss Ísfirðinga renna úr gilda. Samkomulagið var grundvöllur þess að félagið réðst í mjög kostnaðarsamar en jafnframt nauðsynlegar endurbætur á tækjabúnaði Alþýðuhússins til að tryggja að áfram væri hægt að bjóða upp á bíósýningar í Ísafjarðarbæ.

Nú liggur fyrir að félagið muni þurfa fara í mjög kostnaðarsamar breytingar til að tryggja aðgengi hreyfihamlaðra að bíóinu ásamt umtalsverðum endurbótum og viðhaldi utanhúss. Þá liggur einnig fyrir að uppfæra þarf tækja búnað til bíósýninga að einhverju leiti.

Með vísan í samkomulag milli aðila frá 11. maí 2012 þar sem Ísafjarðarbær veitir Verkalýðsfélagi Vestfirðinga árlegan styrk, sem nemur 90% af álagningu fasteignaskatts og lóðarleigu af húseigninni Norðurvegi 1, Ísafirði, fasta númer 212-0122, er þess farið á leit við Ísafjarðarbæ að samkomulagið verði endurnýjað til næstu 10 ára.

Meðfylgjandi er afrit af samkomulagi aðila.

F.h. Verkalýðsfélags Vestfirðinga.


Finnbogi Sveinbjörnsson
Formaður